



9. stjórnarfundur EBAK 15. mars 2022 kl. 16.00

Mættir: Hallgrímur Gíslason, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Garðar Lárusson, Sigurður Harðarson, Torfhildur Þorgeirsdóttir Helgi Aðalsteinsson, Birgir Svavarsson, Friðrik Vagn Guðjónsson og Helga Eymundsdóttir.

Fjarverandi: Eva B Magnúsdóttir.

1. **Fundarsetning.** kl. 16:04.
2. **Fundargerð síðasta fundar** borin upp og samþykkt.
3. **Viðvera.** 16/3 Eva, 23/3 Garðar, 30/3 Helgi.
4. **Næsti stjórnarfundur.** Tillaga um 5. apríl kl. 16:10. Samþykkt.
5. **Undirbúningur fyrir aðalfund.**
 - a) Skýrslur stjórnar og nefnda. Hallgrímur hefur sent út drög að skýrslu stjórnar. Skýrslur nefnda eru að berast.
 - b) Athugasemdir við tillögu uppstillinganefndar. Helga gerði athugasemd við vinnubrögð uppstillingarnefndar þar sem hún taldi að rétt hafi verið að bjóða sér sem varamanni sæti sem aðalmaður. Vakin hefur verið athygli á því að einn frambjóðandi í spilanevnd verður ekki félagi fyrr en í júlí. Ákveðið að hún verður ekki fullgildur meðlimur í nefndinni fyrr en hún gengur í félagið. Halldór Gunnarsson er á lista fyrir dansklúbbinn en hefur óskað eftir að vera ekki í stjórn klúbbsins.
 - c) Ársreikningur – undirritun. Stjórnin ritaði undir reikninga félagsins.
 - d) Fjárhagur nefnda. Endurskoðendur hafa gert athugasemd við fjármál nefnda. Það þarf að krefja nefndir um að gera nánari grein fyrir fjárreiðum sínum. Þarf að halda fund með formönnum og gjaldkerum nefndanna og fara yfir þessi mál. Önnur athugasemd kom um gjafakort félagsins.
 - e) Fjárhagsáætlun. Gjaldkeri er að vinna fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
 - f) Árgjald 2022. Tillaga um árgjald 2022 verði kr. 3.500 + kostnaður. Samþykkt.
 - g) Ályktanir. Tvær ályktanir frá stjórn verða lagðar fram á aðalfundi. Um “Húsnæði fyrir félags- og tómstundarstarf” og “Aðgerðaráætlun“.
 - h) Öldungaráð. Hallgrímur Gíslason, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Þorgerður Þorgilsdóttir gefa kost á sér sem fulltrúar EBAK í Öldungaráð. Gunnar Gíslason, Þóra Ákadóttir og Sigurður Harðarson gefa kost á sér sem varamenn.
 - i) Gátlisti – Farið yfir gátlista fyrir aðalfund
6. **Landsfundur LEB** verður haldinn 3. maí í Hafnarfirði. EBAK á 8 fulltrúa. Fulltrúar EBAK verða núveranda stjórnarmenn.
7. **Önnur mál.** Ekki komu fram önnur mál.

Fundi slitið 18:25.

***Athugasemd við lið 5 f.** Eftir fundinn kom í ljós að félagsmenn þurfa að greiða 390 kr. greiðslugjald þegar árgjöldin verða greidd. Hallgrímur og Torfhildur komu með tillögu um að hækka árgjaldið í 3.200, en ekki 3.500. Greiðslan yrði þá 3.590. Samþykki var leitað hjá stjórnarmönnum í tölvupósti að breyta tillögunni.

Fundargerð ritaði Garðar Lárusson.